

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 6. apríl 2022.

**Umsögn Fræðslu og forvarna (FRÆ) um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur), mál 450, lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021–2022.**

**Fræðsla og forvarnir hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.**

Umsögn þessi er að stofni til sú sama og send var velferðarnefnd á síðasta ári vegna máls nr. 713.

Ástæða er að fagna frumvarpinu. Með samþykkt þess er brugðist við ófremdarástandi sem ríkt hefur varðandi nikótínþúða og aðrar nikótínvörur og eytt ýmiss konar lagaóvissu varðandi markaðssetningu þeirra og sölu. Reykingar og önnur notkun nikótíns er mjög lítil á Íslandi, sem meðal annars byggist á virkum takmörkunum á aðgengi og markaðssetningu tóbaks og nikótíns. Kannanir sýna að reglulegum notendum nikótíns hefur hins vegar fjölgað mikið á síðustu misserum og „nýliðun“ nikótínfíknar rokið upp. Það má fyrst og fremst rekja til mikillar aukningar á notkun nikótínþúða. Við þessu er nauðsynlegt að bregðast sem fyrst. Það má minna á að Ísland hefur fullgilt rammamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir (2004) þar sem áhersla er lögð á að vernda börn og ungmenni.

FRÆ tekur undir þá áherslu sem fram kemur í frumvarpinu um hagsmuni barna og ungmenna; það er að skýrt sé kveðið á um þá þætti sem snúa að þeim sérstaklega. Svo sem að tryggja skuli að nikótínvörur séu ekki geymdar eða staðsettar þar sem börn ná til og að einungis einstaklingum 18 ára og eldri verði heimilt að kaupa nikótínvörur og sama gildi um þá sem selja nikótínvörur.

Því ber einnig að fagna að óheimilt verður að hafa á umbúðum nikótínvara texta eða myndmál sem geti höfðað sérstaklega til barna og ungmenna, meðal annars með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til neyslu nikótínvara, en hið sama gildir í dag um rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Það er mikilvægt, eins og lögin taka til, að banna bragðefni í tóbaki og nikótínvörum, sem hafa þann eina tilgang að laða að notendur og festa í nikótínfíkn. Það á ekki síst við um ungmenni.

Það er einnig mikilvægt að börn og ungmenni séu varin gegn ásókn og ágangi þeirra sem selja og markaðssetja nikótínvörum með því að banna sölu þeirra á ákveðnum stöðum þar sem börn og ungmenni halda til og banna notkun nikótínvara í skólum, menntastofnunum og öðrum húsakynnum sem ætluð eru til dagvistunar og félags-, íþrótt- og tómstundastarfs þeirra. Það sama má segja um að óheimilt sé að hafa á umbúðum nikótínvara texta eða myndmál sem getur höfðað sérstaklega til barna eða ungmenna og hvetja til notkunar nikótínvara. Svo og að bannað verði að auglýsa nikótínvörur eða sýna neyslu þeirra í auglýsingum.

Það er mikilvægt að tryggja neytendum skýrar upplýsingar um magn nikótíns í þessum vörum og gert að skilyrði fyrir sölu eða dreifingu á nikótínvörum eins og gert er um rafrettur og áfyllingar fyrir þær

*Þekking í þágu forvarna*

að viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu séu skráðar á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun hennar og geymslu. Á markaði í dag má finna nikótínþúða þar sem upplýsingar um nikótíninnihald eru óljósar eða ekki til staðar. Slíkt býður heim hættu á eitrunum.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar FRÆ, Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

*Þekking í þágu forvarna*